


# Skil á hlutafjárupplýsingum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjárupplýsingum vegna ársins 2019. Skila skal þessum upplýsingum með **rafrænum hætti** í gegnum gagnaskilakerfi RSK á þjónustusiðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2019, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2019 og **staðgreiðslu fjármagnstekju-skatts** af honum. Upplýsingunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2019. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **20. janúar 2020**.

Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil þeirra á skattframtali 2020.



The screenshot shows the RSK website interface. At the top, there is a navigation bar with 'Almennt', 'Framtal', 'Vefskil', and 'Samskipti'. Below this, there is a sidebar with a menu including 'Staðgreiðsla', 'Virðisaukaskattur', 'Gagnaskil', and 'Forsíða'. The main content area is titled 'Forsíða' and contains several sections: 'Gagnaskil til skattyfirvalda', 'Lesið inn skrá', 'Skoðaðu tölningar', and 'Skrá miða'. The 'Skrá miða' section is circled in blue and contains the text: 'Skráning launamiða, bifreiðahlunnindamiða, hlutafjármíða og annarra miða. Smelltu hér'. Below this, there is an 'UPPLÝSINGAR' section with a warning icon and the text: 'Hægt er að skrá gögn, lesa inn skrár og leiðrétta gögn (breyta og eyða). Hér er jafnframt að finna yfirlit yfir gögn sem búið er að skila eða eru í vinnslu, s.s. tölningar, nafnalista, hvaða sendingum hefur verið skilað og hvenær.'

**Aðgangur að gagnaskilakerfi RSK er í gegnum þjónustusiðu lögaðila á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) og krefst rafrænna skilríkja eða veflykils.**

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í **síma 442 1000**.